

Námsmat í Grunnskólanum í Stykkishólmi

Aðalnámskrá grunnskóla

Aðalnámskrá byggir á lögum um grunnskóla (nr. 91/2008). Aðalnámskrá er rammi um skólastarfið á þessum skólastigum og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Hún birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögnum.

Aðalnámskrá er ætluð stjórnendum, skóla, kennurum og öðru starfsfólki í skólakerfinu. Einnig veitir hún nemendum, foreldrum þeirra, opinberum stofnunum, félagasamtökum, aðilum atvinnulífsins og almenningi upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla. Segja má að aðalnámskrá sé samningur þjóðarinnar við sjálfa sig um menntamál

Mat á hæfni og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Námsmat á einnig að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, hæfni þeirra, vinnubrögð og framfarir, sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms.

Í sameiginlegum inngangskafli fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eru skilgreindir grunnþættir í íslenskri menntun. Þessir grunnþættir eru:

- Læsi í víðum skilningi
- Menntun til sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Grunnþættir í menntun ásamt áherslupáttum grunnskólalaga skulu vera leiðarljós í almennri menntun og starfsháttum í grunnskóla. Þeir eiga að birtast í inntaki námsgreina og námssviða aðalnámskrár, í hæfni nemenda, námsmati, skólanámskrá og innra mati skólans. Grunnskólinn er eina skólastigið sem nemendum er skylt að sækja og er því mikilvægur vettvangur til að þroska með nemendum hæfni í anda grunnþáttanna og sem búa þau undir þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Í Grunnskólanum í Stykkishólmi er leitast við að hafa leiðsagnarmat sem metur fjölbreytta hæfni nemenda. Nemendur og foreldrar eiga að fá skýrar upplýsingar um það sem nemendur kunna eða geta þar sem er lögð áhersla á að þeir fái tilfinningu fyrir því sem hefur áunnist og hvert næsta skref í náminu ætti að vera. Í kennsluáætlunum kemur fram hvaða hæfniviðmið liggja til grundvallar í hverri námsgrein og nám, kennsla og námsmat eiga að haldast í hendur.

Hæfniviðmið aðalnámskrár í hverri grein fyrir sig eru sá grundvöllur sem kennsluhættir og námsmat byggjast á. Í Grunnskólanum í Stykkishólmi er lögð áhersla á hæfnimiðaða kennsluhætti með fjölbreyttum hætti. Með verkefnum og prófum liggur ljóst fyrir hvaða hæfniviðmið er verið að meta og hvaða matskvarði liggur til grundvallar matinu. Niðurstöður einstakra verkefna og prófa eru birtar inni á Námfús ásamt tilteknum hæfniviðmiðum sem unnið er með.

1. - 4. bekkur

- Kennsla skipulögð út frá hæfniviðmiðum
- A B+ B C+ C D í lykilhæfni að vori
- Að öðru leyti hvorki tölustafir né bókstafir
- Lesin orð á mínútu
- Umsagnir
- Umsagnir frá íprótta-, list- og verkgreinum aðeins að vori

5. - 9. bekkur

- Kennsla skipulögð út frá hæfniviðmiðum
- A B+ B C+ C D í lykilhæfni að vori
- A B+ B C+ C D í fögum

- Lesin orð á mínútu
- Ekki umsagnir
- Stefnt er að því að hæfniviðmið verði metin í öllum fögum og verði sýnileg í Námfús

10. bekkur

- Kennsla skipulögð út frá hæfniviðmiðum
- A B+ B C+ C D í lykilhæfni að vori
- A B+ B C+ C D í fögum
- Lesin orð á mínútu
- Matseinkunn í öllum fögum að vori
- Stefnt er að því að hæfniviðmið verði metin í öllum fögum og verði sýnileg í Námfús
- Ekki umsagnir

Hvað þýðir ABCD

A Framúrskarandi hæfni

B+ Mjög góð hæfni

B Góð hæfni

C+ Nokkuð góð hæfni

C Sæmileg hæfni

D Hæfni ekki náð

Meginþorri nemenda mun falla undir B einkunn.

Það heyrir til undantekninga að nemendur fái A(framúrskarandi) eða D (hæfni ekki náð)

Vitnisburðarblað



Námsmat - vor 2018

Sýninemandi 1

TestBekkur

Fyrir hvað stendur lykilhæfni

Vinnubrögð	Sjálfræði	Samsinna
Frunkvaði	Hélmættma	Kurtala
Vandvirkni	Skiptu	Tilboeni
Skjalag	Mat á eigin gætu	Umgegnir
Uppþingastofun	Ábyrgð	Viðing
Maðferð heimilda	Practicinga	Hjálparni
Skapandi hugun	Gagnrýnin hugun	

Hvað þýða bókstafirnir

- A. Fremzkarandi hæfni
- B. Hæfni náð
- C. Hæfni náð að nokkru leyfi
- D. Hæfni ekki náð

Ástundun

- Leyfi
- Veikindi
- Seint
- Fjarvist

Vitnisburður

Námsgrein	Einkunn	Umsögn
-----------	---------	--------

Umsóknarkennari